



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Tillaga um rafrænan upplýsingabækling fyrir kjörna fulltrúa um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Lagt er til að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykki að verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar útbúi upplýsingabækling fyrir kjörna fulltrúa um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Bæklingnum er ætlað að auka þekkingu og skilning á mikilvægi þess að greina öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns eftir kynja- og jafnréttissjónarmiðum, ásamt því að varpa ljósi á það hlutverk sem kjörnir fulltrúar gegna þegar kemur að framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Bæklingurinn yrði sendur kjörnum fulltrúum í tölvupósti og yrði einnig aðgengilegur á vefsíðu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Óskað er eftir að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykki tillöguna.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa